
Skýrsla stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands fyrir starfsárið 2010-2011

Flutt á aðalfundi félagsins 14. febrúar 2011 **42. starfsár**

Nýliðið starfsár hefur verið afar viðburðaríkt og gróskumikið. Helstu markmið stjórnar Ský á nýliðnu ári voru sem fyrr að halda úti öflugri og faglegri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi, jafnframt því að koma á jafnvægi í fjármálum félagsins. Óhætt er að segja að þessum markmiðum var náð því félagsstarfið var mjög öflugt þó svo að skorið hafi mikið niður í rekstri félagsins.

Fjöldi félagsmanna stóð nokkurn veginn í stað milli ára og eru félagar nú **724** talsins.

Í stjórn Skýrslutæknifélags Íslands sátu árið 2010- 2011:

Sigrún Gunnarsdóttir, formaður

Ragneiður M. Magnúsdóttir, varaformaður

Bjarni Sigurðsson, gjaldkeri

Þórhildur Hansdóttir Jetzek, meðstjórnandi og ritari

Hjörtur Grétarsson, meðstjórnandi

Magnús Hafliðason, varamaður

Jón Heiðar Þorsteinsson, varamaður

Sigurður Friðrik Pétursson, varamaður

Stjórnin hélt 10 bókaða stjórnarfundi auk fjölda vinnufunda bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni. Haldinn var samráðsfundur stjórnar og forsvarsmanna faghópanna og þar sem farið var yfir ýmis stefnumál félagsins. Þessi samráðsfundur er orðin fastur liður í dagskrá félagsins og leið til að heyra raddir þeirra sem starfa í faghópunum.

Ráðstefnur og fundir

Félagið stóð fyrir 16 atburðum á árinu, sem er örlítið minna framboð en undanfarið ár. Haldnar voru fjórar ráðstefnur og þar af ein alþjóðleg, fimm hádegisverðarfundir og tveir morgunverðafundir. Einnig voru þrjú örnámskeið haldin. Faghópar voru virkir við ráðstefnu- og fundahöld en alls tóku um 1.000 manns þátt í atburðum félagsins á starfsárinu.

Tímaritið Tölvumál og vefurinn

Ritnefnd hélt 9 fundi á liðnu ári og veglegt eintak af Tölvumálum kom út á pappír í nóvember mánuði.

Ritnefndin sá einnig um að halda utan um þann lið á vefsíðunni sem segir frá atburðum annarra í tölvugeiranum ásamt því að setja inn fréttir á forsíðu sky.is.

Nú verður nokkur endurnýjun í ritnefndinni og langar mig að nota tækifærið og þakka ritnefndinni fyrir mikið og gott starf á síðasta ári. Eftirsjá verður af Þorvarði sem ritstjóra en hann verður nýjum ritstjóra vonandi innan handar í framtíðinni.

Faghópar

Stofnaður var nýr faghópur um hugbúnaðargerð og var það löngu tímabært. Þar er mikill hugur í fólki og verður gaman að sjá hvernig starfsemi faghópsins mun fara af stað. Á komandi starfsári ætlum við að fara í átak og fjölga aðilum í faghópum en eins og staðan er núna eru allmargir félagsmenn Ský ekki skráðir í faghópa en aðild að þeim er opin öllum félagsmönnum og geta þeir verið í eins mörgum faghópum og þeir vilja.

Starf annarra faghópa hefur verið nokkuð gott síðasta árið og hefur þeirri venju verið fylgt að hver faghópur sjái um amk. einn stærri viðburð á vegum Ský á ári.

Faghópar Ský eru:

- Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, formaður er Valgerður Gunnarsdóttir, félagar 71.
- Öldungadeild, formaður er Þorsteinn Hallgrímsson, félagar eru 35.
- UT-konur, formaður er Marta Kristín Lárusdóttir, félagar eru 74 .
- Fjarskiptahópur, formaður er Jón Ingi Einarsson, félagar eru 40.
- Öryggishópur, formaður er Svavar Ingi Hermannsson, félagar eru 45.
- Faghópur um rafræna opinber þjónustu, formaður er Halla Björg Baldursdóttir, félagar eru 50.
- Faghópur um árangursríka vefstjórn, félagar eru 26. Þessi hópur hefur ekki verið virkur síðustu árin.
- Faghópur um hugbúnaðargerð er nýstofnaður – ekki byrjað að skrá í hann.

ECDL/ICDL - Tölvuökuskírteini

Á árinu var ekkert ECDL heildarskírteini gefið út. Gefin 70 ECDL Start skírteini sem er svipað og áður.

Tap var á þessum málaflokki árið 2009 og 2010 sem skýrist að mestu vegna hækkunar á evru og því árgjaldi til ECDL án þess að árgjald til prófmiðstöðva hafi verið hækkað á móti. Einnig eru prófin sjálf orðin úrelt og kostnaður við að setja upp ný próf og þýða yfir á íslensku mikill. Stjórn félagsins tók þá ákvörðun á árinu að hætta að bjóða upp á þessi próf og sagði upp samningi við CEPIS.

Innlent samstarf

Skýrslutæknifélagið er aðili að fagráði Staðlaráðs Íslands í upplýsingatækni, FUT. Þá hefur félagið tilnefnt fulltrúa í stjórn Persónuverndar, í samráðsnefnd forsætisráðuneytisins um þróun upplýsingasamfélagsins og í fjarskiptaráð samgönguráðuneytisins.

Erlent samstarf

Skýrslutæknifélag Íslands hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatæknifélaga, bæði á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies) og NDU (Nordisk Data Union). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári. Vegna ástandisins í þjóðfélaginu voru ekki sóttir fundir erlendis á árinu en vonandi verður mögulegt að sækja fundi á komandi árum.

Afkoma félagsins

Eins og fram kemur í ársreikningi félagsins 2010 var afkoman á árinu ágæt. Viðsnúningur var á rekstrinum og skilar félagið 2.075.774 kr í hagnað en var í fyrra með tap uppá 2.338.774 kr. Þó er ljóst að nauðsynlegt er að halda vel á spöðunum og halda uppi öflugum fræðslustarfi á árinu til að halda sama striki.

Lokaorð

Skýrslutæknifélag Íslands er nú 42 árs og á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út blaðið Tölvumál, vinnur að þýðingu erlendra fagorða í upplýsingatækni yfir á íslensku, starfrækir faghópa og rekur skrifstofu að Engjateigi 9, þar sem starfar einn starfsmaður. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfböðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa atburði félagsins, að ógleymdum

fyrirlesurum sem sjaldnast krefjast greiðslu fyrir sitt framlag. Ég vil hér með þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Einnig vil ég þakka framkvæmdastjóra Skýrslutæknifélagsins Arnheiði Guðmundsdóttur fyrir gott starf og það er ljóst það er að miklu leyti henni að þakka að okkur tókst að snúa rekstrinum við á liðnu ári.

Þrátt fyrir erfitt rekstraumhverfi hefur starfsemi félagsins á árinu verið mjög öflug og ber fjöldi viðburða í nafni félagsins gott vitni um það. Við teljum að félagið sé vel rekið og mun halda áfram af sama og jafnvel meiri krafti á komandi starfsári.

Vert er að nefna að á árinu hélt áfram sú stefnumótunarvinna sem hafinn var á síðasta ári í kjölfar breyttra aðstæðna og mega félagar vænta þess að sjá árangur af þeirri vinnu á komandi starfsári m.a. í tillögum að lagabreytingum á aðalfundinum.

Ekki lítur út fyrir að mikil endurnýjun verði í stjórn félagsins að þessu sinni. Allir nema einn stjórnarmaður hafa ákveðið að gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Jón Heiðar Þorsteinsson hefur ákveðið að yfirgefa stjórnina en hann hefur verið mjög virkur félagsmaður og setið í stjórn í 3 ár. Við viljum þakka Jóni Heiðari fyrir fyrir afar ánægjulegt og farsælt samstarf undanfarin ár.

F.h. stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands,

Sigrún Gunnarsdóttir, formaður.